

12. júní 1980.

3

Nr. 2.

AUGLÝSING

um viðurkenningu Íslands á lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu.

Framkvæmdastjóra Evrópuráðsins hefur verið afhent yfirlýsing þess efnis að skuldbinding Íslands til þess að viðurkenna lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu hafi verið framlengd um fimm ár frá 3. september 1979 að telja, þ. e. til 3. september 1984.

Yfirlýsing þessi er gefin samkvæmt 46. gr. Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis (sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum, A-deild, nr. 11/1954).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. júní 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

12. júní 1980.

AUGLÝSING

Nr. 3.

um uppsögn alþjóðasamnings um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

Hinn 18. júní 1979 var bandaríska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um uppsögn aðildar Íslands að alþjóðasamningi frá 8. febrúar 1949 um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 12/1970. Ísland hafði áður gerst aðili að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 17/1978.

Í samræmi við 16. gr. samningsins miðaðist uppsögnin við 31. desember 1979.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. júní 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

12. júní 1980.

AUGLÝSING

Nr. 4.

um samning við UNESCO um norrænt samstarfsverkefni á sviði fjölmiðla.

Með orðsendingum dags. 25. júlí 1979 og 25. febrúar 1980 var í París gengið frá samningi milli Íslands og Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um norrænt samstarfsverkefni á sviði fjölmiðla.

Samkomulagið gekk í gildi hinn 25. febrúar 1980.

Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. júní 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.